

FUNDARGERÐ

593. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 17. október, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

I – 5 Fundargerð 248. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps, haldinn 15. október 2019.

II – 6 Erindi frá Jaðarklúbbnum Víkursporti um mótorkrossbraut.

III – 4 Mat á sameiningu sveitarfélaga.

IV – 8 Fundargerð 47. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 20. ágúst 2019.

IV – 9 Fundargerð 48. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 16. október 2019.

V – 5 Drög að umsögn SASS um fjárlagafrumvarp ríkisins 2020.

Afbrigðin samþykkt samhljóða.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.

Lögð fram fundargerð 273. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 14. október 2019.

Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Sólheimajökulsmelar – Umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykkti stöðuleyfi fyrir matarvagn við Sólheimajökulsmela frá Helga Helgasyni f.h. Helga brjóts ehf.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Austurvegur 16 – Umsókn um byggingarleyfi

Nefndin samþykkti byggingarleyfi fyrir fánastangir frá Olíuverzlun Íslands hf. en vísaði ákvörðun um byggingarleyfi fyrir ljósaskilti til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir byggingarleyfi fyrir fánastangir en frestar afgreiðslu á byggingarleyfi fyrir ljósaskilti þar til útbúin hefur verið reglugerð um skilti í sveitarfélaginu í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins.

2.3. Skeiðflöt – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin samþykkti að senda tillöguna til auglýsingar og í umsagnarferli með breyttu orðalagi í lið 11-17 þar sem orðið tjald er tekið út.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.4. Hátún 5-11 – Breyting á gatnagerð.

Nefndin hafnaði tillögu að breytingu á aðgangi að lóðum 9 og 11 en lagði til að lóðin yrði stækkuð til suðurs að gangstétt og gert verði ráð fyrir bílastæði þar fyrir hús númer 9 og 11.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.5. Hátún – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik.

Nefndin samþykkti umsókn Rarik um stofnun lóðar undir spennistöð við Hátún.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.6. Smiðjuvegur - Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik.

Nefndin samþykkti umsókn Rarik um stofnun lóðar undir spennistöð við Smiðjuveg.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.7. Bakkabraut 6a – Umsókn um leiðréttingu og stækkun lóðar.

Nefndin samþykkti breytinguna og fól skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

2.8. Sólheimajökulsmelar – Breyting á aðalskipulagi.

Nefndin samþykkti tillöguna en vísaði athugasemd Vegagerðarinnar um lokun héraðsvegar til deiliskipulagsgerðar.

EFE vikur af fundi.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að tekið sé tillit til athugasemdar vegagerðarinnar um að ekki megi loka héraðsvegi 221-01 og staðfestir bókun nefndarinnar.

EFE kemur aftur inná fundinn.

3. Fundargerðir fræðslunefndar.

Lögð fram til kynningar fundargerð 246. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps, haldinn 28. maí 2019, og fundargerð 248. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps, haldinn 15. október 2019.

4. Fundargerð íþróttá- og tómstundaneftdar.

Lögð fram til kynningar fundargerð 22. fundar íþróttá- og tómstundaneftdar Mýrdalshrepps, haldinn 7. ágúst 2019.

5. Fundargerð umhverfisneftdar.



Lögð fram fundargerð 18. fundar umhverfisnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 23. september 2019.

5.1. Vinnuskóli Mýrdalshrepps.

Nefndin lagði til við sveitarstjórn að vinnuskóli ungmenna í sveitarfélaginu væri starfræktur á ný.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna fýsileika þess að bjóða upp á vinnuskóla ungmenna árið 2020.

Sveitarstjórn þakkar umhverfisnefnd fyrir framkomnar tillögur að umbótum í umhverfismálum sem hafðar verða til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar Mýrdalshrepps 2020.

6. Styrkbeiðni

Lögð fram beiðni um styrk frá hestamannafélaginu Sindra vegna æskulýðsstarfs, reiðvegagerðar og almenns starfs.

IMB vikur af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir að veita hestamannafélaginu Sindra styrk að upphæð 360.000- kr. Til æskulýðs- og almenns starfs félagsins en frestar afgreiðslu á styrk vegna reiðvegagerðar til næsta árs og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að vinna að skipulagi reiðvegarins í samráði við hestamannafélagið og Vegagerðina.

IMB kemur aftur inná fundinn.

7. Umsagnarbeiðnir

Fram voru lagðar eftirfarandi umsagnarbeiðnir:

- 7.1. Beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar frá Þórisholti ehf. um starfsleyfi fyrir vinnslu og pökkunar matjurta.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- 7.2. Beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um tækifærisleyfi frá Smiðjunni brugghús ehf. vegna regnbogahátíðar.

ÞRÚ vikur af fundi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

ÞRÚ kemur aftur inná fundinn.

- 7.3. Beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um tækifærisleyfi frá Puffin Hotel Vík ehf. vegna regnbogahátíðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

8. Bréf frá Sigríði Bylgju Sigurjónsdóttur

Lagt fram bréf frá Sigríði Bylgju Sigurjónsdóttur stofnanda „Tré lífsins“ til að kanna áhuga sveitarstjórnar á því að opnaður verði minningargarður í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið en vísar því frá að svo stöddu þar sem ekkert skilgreint land sveitarfélagsins hentar.

9. Mótorkrossbraut í Vík

Lagt fram erindi frá jaðarklúbbnum Víkursporti um framlengingu leyfis fyrir mótorkrossbraut í Delaskörðum norðan gamla þjóðvegarins.

DB vikur af fundi.

Í ljósi fenginnar reynslu af mótorkrossbrautinni heimilar sveitarstjórn Víkursporti að halda áfram starfsemi við brautina og stækka hana skv. fyrirliggjandi uppdrætti. Sveitarstjórn vísar því í vinnu við endurskoðun aðalskipulags að taka afstöðu til framtíðarskipulags á svæðinu.

DB kemur aftur inná fundinn.

10. Breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Teknar til annarrar umræðu breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps. Breytingin felur í sér að heiti íþróttá- og tómstundanefndar verði breytt í æskulýðs- og tómstundanefnd og að í henni sitji 5 aðalmenn og 5 til vara.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna við aðra umræðu og jafnframt að aðal- og varamenn í nýrri nefnd verði þeir sömu og voru.

11. Stofnun forskóla í Víkurskóla.

Lögð fram tillaga að starfrækt verði forskóladeild innan Víkurskóla fyrir elsta árgang barna á leikskólaaldri.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi verkefnisins í samráði við skólastjórnendur.

12. Aðalfundur Bergrisans bs.

Lagt fram aðalfundarboð Bergrisans bs. Fundurinn verður haldinn í ráðhúsi Árborgar miðvikudaginn 23. október nk.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá kjörbréfi.

13. Mat á sameiningu sveitarfélaga.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

„Mat á sameiningu sveitarfélaga

Lagt er til að hefja viðræður á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings Ytra, Rangárþings Eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Sé vilji fyrir hendi hjá öðrum sveitarfélögum samþykkir sveitarstjórn að skipaður verði verkefnishópur með þremur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi. Sótt verði um framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við matsgerðina og tryggt verði að hún verði unnin faglega.“

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti tillöguna og að sæti í verkefnishópnum taki f.h. Mýrdalshrepps sveitarstjóri, oddviti og Páll Tómasson.

14. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 17. aðalfundar fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands, haldinn 20. september 2019.

Fundargerð 199. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 25. september 2019.

Fundargerð aðalfundar Hulu bs., haldinn 24. september 2019, ásamt ársreikningi 2018.

Fundargerð fundar stjórnar Hulu, haldinn 24. september 2019.

Fundargerð 873. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 30. ágúst 2019.

Fundargerð 549. fundar stjórnar SASS, haldinn 27. september 2019.

Fundargerð 47. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 20. ágúst 2019.

Fundargerð 48. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 16. október 2019.

15. Kynningarefni.

Eftirfarandi kynningarefni lagt fram til kynningar:

Bréf frá G & Ó lögmenn, dags. 15. september 2019.

Ytra mat á leikskólanum Mánaland, unnið af Menntamálastofnun.

Gögn af landsfundi sveitarfélaga um jafnréttismál, haldinn 4. september 2019.

Vistferlisgreining og hagkvæmnismat unnið fyrir Vestur-Skaftafellssýslu af Resource International ehf.

Drög að umsögn SASS um fjárlagafrumvarp ríkisins 2020.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18.55




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Þórey Richardt Úlfarsdóttir



Páll Tómasson